



# Laugdælingur

Útgefandi: Ungmennafélag Laugdæla  
22. árgangur - 1. tölublað - 10. janúar 2008

## Gleðilegt afmælisár!

100 ára afmælisumræðan - allir viðburðir verða afmælisviðburðir

Meginumræður aðalfundar urðu um starfið á komandi afmælisári. Afmælið er **5. mars** nk. en þá er stefnt að því að halda aðalfund næsta árs. Fyrsti viðburður ársins verður þó þann **9. febrúar** þegar haldið verður stærsta

**ÞORRABLÓT** í sögu Laugdæla. Stefnt er að 500 manna blóti að þessu sinni, en síðast komu 340 manns. Síðan rekur hver viðburðurinn annan og alltaf mun afmælinu flaggað. Gefst því hverri nefnd tækifæri til að minna á starf sitt og jafnvel afla sér einhverra áhalda og styrkja í starfið. Með þessu móti er möguleiki á að virkja mun fleiri. Fram kom að mörgum þætti nauðsynlegt að halda kaffisamsæti í tengslum við einhvern af viðburðum ársins. Verður afmælisnefndinni falið að útfæra það.

Stjórn UMFL óskar öllum gleðilegs árs og hlakkar til að starfa með ykkur á afmælisárinu!



### Varðan

Heildarfjármálþjónusta með þarfir þínar að leiðarljósi.

### Greiðsluþjónusta

Við borgum reikningana fyrir þig.

### Einkabankinn

Öll þín bankaviðskipti á netinu þegar þér hentar.

Hringdu í síma 560 6000, komdu í næsta útibú  
Landsbankans eða kíktu á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

### Ritstjórn Laugdælings

Ritstjóri: Kári Jónsson

Umbrot: Kári Jónsson og

Lára Hreinsdóttir

Prófarkalestur: Lára Hreinsdóttir

Auglýsingar: Kári Jónsson og

Kristrún Sigurfinnsdóttir

Ljósmyndari: Kristrún Sigurfinnsdóttir

Vefsíða: <http://www.hsk.is/umfl/>

# Setjum markið hátt!



Gleðilegt ár 2008. Á þessu ári ætla ég að ná lengra en á því síðasta! Ég ætla að bæta mig á öllum sviðum! Ég veit að ég get það og ég sé líka hvernig ég ætla að fara að því. Ágæti félagsmaður þetta getur þú líka gert, þetta geta allir! Þið eruð fædd til að sigra, en til að verða sigurvegari þarf að skipuleggja sig, gera það sem þarf að gera (nenna) og búast við því að sigra.

Það sem skilur á milli þeirra sem ná árangri og hinna sem alltaf vonast eftir árangri, er trúin á árangur. Þeir sem trúa á árangur sinn ná alltaf sínu markmiði, þeir nenna að fara út og æfa eða vinna að því marki sem þeir hafa sett sér. Hversu langt við náum ræðst af því hvert við stefnum. Sá sem alltaf setur rána í viðráðanlega hæð getur ekki búist við að bæta sig. Það þarf að setja rána hátt því þá tökum við hraðara tilhlaup, spyrnum okkur fastar upp og teygjum okkur og fettum meira en áður til að ná takmarkinu.

Á þessu ári verður mikið um að vera hjá Laugdælum í tilefni 100 ára afmælis félagsins. Fyrsti viðburðurinn og sá langstærsti er þorablótið 9. febrúar næstkomandi. Á síðasta

blóti brýndi ég fólk til að bjóða fleirum næst. Nú er komið að því! Til að fá fleira fólk þurfa allir að taka sig saman og gera aðeins betur en síðast, bjóða einum enn ;) Hjá félaginu munu 40-50 manns koma að undirbúningi og framkvæmd blótsins og ekkert til sparað til að hafa allt sem glæsilegast. Við höfum hækkað rána og undirbúum okkur nú til að stökkva hærra en nokkru sinni.

Vélhjóla- og akstursíþróttaklúbbur er nú í undirbúningi hjá UMFL og eru nokkrir áhugamenn tilbúnir til að standa að þeim klúbbi. Vonandi getum við flutt ykkur fréttir af því í næsta blaði okkar.

Hver viðburður á vegum félagsins verður afmælisviðburður á þessu ári þar sem við munum flagga 100 ára afmælinu. Það er ósk okkar í stjórninni að sveitungar okkar og velunnarar taki þátt í öllu sem boðið verður uppá og geti notið gleði og ánægju sem af þessu gefandi starfi hlýst.

Íslandi allt,  
Kári Jónsson formaður UMFL



## Vetraropnun Sundlaug - þreksalur

*Íþróttaæfingar UMFL hefjast skv töflu  
mánudaginn 14. janúar 2008*

*Heilsukarlar Kára byrja 15. jan kl. 20.00  
Heilsukonur Guðrúnar einnig.*

### Sundlaug

Mánudaga – föstudaga kl: 17-20

Laugardaga og sunnudaga kl: 13-17

### Þreksalur

Mánudaga – fimmtudaga kl:17-22

Föstudaga kl:17-20

Laugardaga og sunnudaga kl:13-17

## **Þór og Laugdælir spila til úrslita**

Það verða Laugdælir og Þór sem spila til úrslita í bikarkeppni HSK í körfuknattleik karla fyrir árið 2007, en þessi lið unnu leiki sína í 4-liða úrslitum á dögnum.

Úrslitaleikurinn verður haldinn á næstu dögum, en dagsetning hefur ekki verið endanlega ákveðin. Hér að neðan eru upplýsingar um leikina tvo í 4-liða úrslitum.

### **Laugdælir - Árborg 64 - 60**

Laugdælir fengu Árborg í heimsókn og lauk leiknum með 4 stiga sigri, 64 - 60 heimamönnum í vil.

Laugdælir byrjuðu leikinn af krafti og voru 10 stigum yfir fyrstu tvo leikhlutana en misstu svo niður í jafntefli við lok þriðja leikhluta og var leikurinn í járnum alveg fram á síðustu mínútu.

Gísli Pálsson var stigahæstur Laugdæla með 15 stig og Jens Guðmundsson var með 12 stig. Snorri Þorvaldsson var með 10, Þorsteinn D. Sigurgeirsson 8, Steinólfur Jónasson 7, Anton Kárason 2, Óskar Þórðarson 2 og Kristinn Ólafsson 2 stig.

HSK-fréttir

## **Stjórn UMFL 2007-8**

Kári Jónsson, formaður [kari@khi.is](mailto:kari@khi.is) s:824-1260

Lára Hreinsdóttir, ritari og varaformaður  
[lara.hreinsdottir@ismennt.is](mailto:lara.hreinsdottir@ismennt.is)

Kristrún Sigurfinnsdóttir, gjaldkeri [kristrun@khi.is](mailto:kristrun@khi.is)

Varamenn: Heiða Björg Hreinsdóttir, [heidabj@eyjar.is](mailto:heidabj@eyjar.is)

Helena Traustadóttir [heletrau@khi.is](mailto:heletrau@khi.is)

### **Formenn íþróttanefnda**

Aron Kárason, [boltanefnd.aron.karason@hotmail.com](mailto:boltanefnd.aron.karason@hotmail.com)

Kristbjörg Guðmundsdóttir, [fimleikanefnd.kristbjorg1@hotmail.com](mailto:fimleikanefnd.kristbjorg1@hotmail.com)

[kristbjorg1@hotmail.com](mailto:kristbjorg1@hotmail.com)

Agnes Erlingsdóttir, [frjalsiþrottanefnd.agneser@ml.is](mailto:frjalsiþrottanefnd.agneser@ml.is)

Jóhann Gunnar Friðgeirsson, [glimunefnd.johanngf@islandia.is](mailto:glimunefnd.johanngf@islandia.is)

[johanngf@islandia.is](mailto:johanngf@islandia.is)

Sigurjón Mýrdal, [skaknefnd.mosart@ismennt.is](mailto:skaknefnd.mosart@ismennt.is)

### **Starfsnefndir**

Ritnefnd: stjórn UMFL

Skemmtinefnd: Gríma Guðmundsdóttir, Kristrún

Sigurfinnsdóttir, Ólafur Guðmundsson og Agnes

Erlingsdóttir

### **Afmælisnefnd**

Guðmundur Sæmundsson formaður, Kjartan Lárusson, Guðmundur Rafnar Valtýsson og Kári Jónsson, fh. stjórnar

### **Endurskoðendur**

Kjartan Lárusson og Hjördís Ásgeirsdóttir

**Vefsíða:** <http://www.hsk.is/umfl/>

## **Aðalfundur UMFL 2007**

Aðalfundur UMFL var haldinn 12.des 2007 í grunnskólanum að Laugarvatni. Frestast hefur allt árið að halda fundinn sökum veikinda bókara félagsins sem unnið hefur að afstemmingum reikninga aftur til 2003. Á fundinum voru því lagðir fyrir og samþykktir ársreikningar árána 2003, 2004, 2005 og 2006. Vandamálin lágu í bókun og afstemmingu reikninga ársins 2004 þegar farið var að greiða VSK af útgáfu Laugdælings. Það er nýrri stjórn mikið ánægjuefni að reikningarnir skuli nú vera að fullu réttir hjá félaginu. Eru bókara vorum færðar sérstakar þakkir fyrir það mikla starf sem hún hefur innt af hendi. Rekstur ársins 2006 skilaði hagnaði uppá 242.686,- kr. Tekjur voru 3.671.037,- kr. en gjöldin 3.428.351,- kr.

Kjósa þurfti ritara, gjaldkera, skoðunarmenn reikninga og nefndarformenn. Formaður er kosinn til tveggja ára á sléttri tölu svo hann var ekki í kjöri. Lára Hreinsdóttir var kjörin ritari, Kristrún Sigurfinnsdóttir, gjaldkeri og Heiða Björg Hreinsdóttir varamaður. Auk þeirra eru í stjórn Helena Traustadóttir varamaður og Kári Jónsson formaður. Í nefndum eru; Kristrún Sigurfinnsdóttir, Ólafur Guðmundsson og Gríma Guðmundsdóttir í skemmtinefnd. Ritnefnd Laugdælings er borin uppi af aðalstjórn.

Mikil endurnýjun varð í íþróttanefndum. Boltanefndarformaður er Aron Kárason, fimleikaformaður er Kristbjörg Guðmundsdóttir, frjalsiþrótaformaður er Agnes Erlingsdóttir, glímunefndarformaður er Jóhann Gunnar Friðgeirsson og skáknefndarformaður var endurkjörinn Sigurjón Mýrdal. Sundnefnd og skógræktarnefnd eru ekki starfandi en stjórn er tilbúin að taka hverjum þeim sem áhuga hefur á að leggja því starfi lið.

# Þorrablótíð 9. feb

Vertu með í að bjóða til stærsta blóts í sögu uppsveitanna!

Laugardaginn 9. febrúar nk. verður Ungmennafélag Laugdæla með sitt árlega þorrablót í íþróttahúsi KHÍ á Laugarvatni. Húsið opnar kl. 19.00 og dagskráin hefst kl. 20.00

Matur, tónlist og skemmtiatriði verða að hætti heimamanna.

Viðburðir úr sögu félagsins verða rifjaðir upp og myndir frá gömlum blótum.

Hljómsveitin **Leynibandið** mun sjá um að enginn sitji af sér snúning það kveldið.

**Allir, hvar sem þeir búa eru velkomnir**

Því það er nóg pláss. Samsveitungar í Bláskógabyggð og nærsveitamenn eru sérlega velkomnir. Borðapantanir þurfa að berast með góðum fyrirvara til Krístrúnar [haholt2@simnet.is](mailto:haholt2@simnet.is) GSM 861-7488 Við minnum á söngolíuna, **fordrykkinn** og banni á pinnahælana. Styrkjum UMFL um leið og við tjúttum, syngjum, bitum í punga og hlæjum saman.

F.h. skemmtinefndar UMFL  
Krístrún Sigurfinnsd og  
Gríma Guðmundsdóttir

**Aðalfundur UMFL 2007 samþykkti sérstaklega að þakka samstarfs- og styrktaraðilum félagsins. Þeir sem fengu þakki og kveðjur voru:**

**KHÍ-Íþróttafraeðasetur** fyrir ómetanlegan stuðning í íþróttaaðstöðu og við útgáfu og fundaaðstöðu.

Starfsfólk íþróttahúss, **Sævar Ástráðsson og Guðlaug Ingvarsdóttir** (Sævar og Gulla) fyrir endalaus hjálpsemi við félagið í hverju sem fram fer í húsinu, sundlauginni eða á íþróttavallarsvæðinu. Þau hafa einnig passað uppá sjálfsalann okkar í íþróttahúsinu sem gefur félaginu svolitlar tekjur.

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar** fyrir styrki til starfsins á árinu.

**Grunnskóla Bláskógabyggðar** fyrir samstarf um uppeldi ungvíðisins og hjálp við að kynna starfið og koma boðum til iðkenda okkar.

**Samkaup-Strax** búðin á Laugarvatni fyrir 100.000,- kr styrk sem þeir afhentu félaginu sl. haust. Styrkurinn var meðal annars notaður til að greiða niður æfingagjöld.

**Landsbankanum** útibúinu í Reykholti sem er með virkan styrktarsamning við félagið.

Félagið þakkar einnig **öðrum félagasamtökum** á Laugarvatni samstarfið s.s. að 17. júníhátíðarhöldunum.

Sérstakar þakki eru sendar til **Hornfirðinga** fyrir frábært Unglingalandsmót í sumar og **Þingeyinga** fyrir ULM 2006. Unglingalandsmótin eru mikilvægur drifkraftur í barna og unglíngastarfi félagsins. Allar fjölskyldur eru nú með ULM sem fastan lið í sínum plönum og enginn vill missa af því. Ekki er laust við að þau sem eldast upp úr þátttökunni sjáist missa saknaðartár við að mega ekki lengur taka þátt.

**UMFÍ** fær afmælikveðju frá UMFL á 100 ára afmæli samtakanna.

Félagið hafði þegar sent kveðju til **Umf Hvatar** í tilefni 100 ára afmælis þeirra.

**Umf. Bisk** fær afmælikveðju í tilefni 100 ára afmælis þeirra á árinu 2008